

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 236/1993.

Protabú Álafoss hf.

(Jakob R. Möller hdl.)

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.)

Gjaldþrot. Handveð. Skuldajöfnuður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júní 1993. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 8.076.188,38 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. september 1992 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi fært fram þá nýju málsástæðu, að Álafoss hf. í Mosfellshreppi, síðar Mosfellsbæ, nnr. 0181-7949, útgefandi tryggingarbréfsins frá 23. maí 1986, sem stefndi byggir rétt sinn á, sé ekki sami aðili og Álafoss hf. á Akureyri, kt. 421287-1049, en það félag hafi verið stofnað 30. nóvember 1987 og úrskurðað gjaldþrota 20. júní 1991. Eldra félagið hafi breytt um nafn 30. nóvember 1987 og verið nefnt Gamli-Álafoss hf., uns það sameinaðist Verksmiðjunni Vífilfelli hf. 30. desember 1988 undir nafni hins síðarnefnda. Þegar af þessari ástæðu geti stefndi ekki nýtt sér ákvæði tryggingarbréfsins þannig, að það taki til skulda Álafoss hf. á Akureyri við stefnda, annarra en þeirra, sem berlega séu tilteknar í bréfinu. Áfrýjandi heldur því jafnframt fram, að sannað sé, að Álafoss hf. á Akureyri hafi orðið eigandi þeirrar innstæðu hjá stefnda, sem hann hefur notað til skuldajafnaðar.

Eigi verður talið, að það hafi verið afsakanlegt af áfrýjanda að þekkja ekki þær breytingar á Álafossi hf., sem raktar voru, þegar hann lagði grundvöll málsóknar sinnar í héraði. Það verður honum ekki heldur til réttarspjalla, þótt tillit verði ekki tekið til hinnar nýju málsástæðu. Stefndi hefur ekki andmælt því, að áfrýjandi komi þessu máli í stað útgefanda tryggingarbréfsins, og óumdeilt er, að áfrýjandi hafi orðið greiðandi þeirrar skuldar, sem þar greinir. Eru því ekki lagaskilyrði til að sinna þessari málsástæðu áfrýjanda, sbr. 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994.

II.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Fallist er á það með héraðsdómi, að við útgáfu tryggingarbréfsins 23. maí 1986 hafi stofnast sammingsbundinn handveðsréttur til handa Verzlunarbanka Íslands hf. í innstæðu á kaskóreikningi nr. 403015, að fjárhæð 6.493.413 krónur. Veðsetningin var til tryggingar greiðslu á kröfu PK-finans International (Luxembourg) S. A. vegna ábyrgðaryfirlýsingar bankans á grundvelli kaupleigusamnings frá 16. sama mánaðar. Samkvæmt prentuðum skilmálum átti handveðsrétturinn að auki að ná til annarra skulda, sem Álafoss hf. í Mosfellshreppi stæði þá eða síðar í við Verzlunarbanka Íslands hf., en hámark veðtryggingar skyldi vera samtals að jafnvirði 157.000 bandaríkjadala. Óumdeilt er, að skuldir vegna kaupleigusamningsins voru að fullu greiddar 23. ágúst 1991 og engin önnur viðskipti voru á milli Verzlunarbanks annars vegar og Gamla-Álafoss hf. eða Álafoss hf. á Akureyri hins vegar.

Við sameiningu Alþýðubankans hf., Iðnaðarbanka Íslands hf., Útvegsbanka Íslands hf. og Verzlunarbanka Íslands hf. 1. janúar 1990 í Íslandsbanka hf. tók hinn síðastnefndi við „allri bankastarfsemi, réttindum og skyldum þessara banka henni tengdri . . .“, sbr. auglýsingu bankastjórnar Íslandsbanka hf. 3. janúar 1990 og 1. mgr. 50. gr. laga um viðskiptabanka nr. 86/1985, sbr. lög nr. 120/1989. Eigi verður talið, að framangreindur handveðsréttur hafi við þessa sameiningu bankanna færst yfir á aðrar skuldbindingar, sem útgefandi tryggingarbréfsins kynni þá eða fram að sameiningu bankanna að hafa gengist undir gagnvart öðrum þessara banka en Verzlunar-

banka Íslands hf. Forsendur handveðsins voru viðskipti Álafoss hf. í Mosfellshreppi við Verzlunarbancann, eins og þeim var lýst í tryggingarbréfinu. Hinn nýi banki gat ekki öðlast rýmri rétt en hver bankanna um sig hafði gagnvart viðskiptamönnum sínum, og því gat efnislegt umfang handveðsins ekki aukist við sameininguna, án þess að annað kæmi til. Handveðsrétturinn féll því úr gildi við uppgjör kaupleigusamningsins 23. ágúst 1991, enda var þá engum öðrum viðskiptum til að dreifa milli Álafoss hf. og Verzlunarbancanna Íslands hf. Stefndi hafði ekki samið við fyrirtækið um veðrétt í innstæðunni eða bindingu hennar vegna viðskipta við sig. Er ekki fram komið, að þau viðskipti hafi náð til annars en skuldabréfs Álafoss hf. á Akureyri til Iðnaðarbancanna Íslands hf. frá 29. desember 1989, þar sem meðal annars voru sett að veði kröfuréttindi á hendur Hita-veitu Reykjavíkur um endurgjaldslausu afhendingu á heitu vatni.

Telja verður, að réttur stefnda til að skuldajafna fjárhæð hinnar umdeildu innstæðu gegn skuldum Álafoss hf. hafi fallið niður um leið og handveðsrétturinn og af sömu ástæðum. Eins og hér stóð á, varð skuldajafnaðarréttur eigi leiddur af l. mgr. 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Stefnda var því ekki rétt að lýsa yfir skuldajöfnuði 17. september 1992.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfu áfrýjanda til greina ásamt dráttarvöxtum frá þingfestingu málsins í héraði 8. október 1992, en ekki er ágreiningur um fjárhæð kröfunnar.

Stefndi skal greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði áfrýjanda, þrotabúi Álafoss hf., 8.076.188,38 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. október 1992 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Guðrúnar Erlendsdóttur

Ég er sammála meiri hluta dómenda um það, sem greinir í I. kafla og 1. mgr. II. kafla dómsins.

Við sameiningu Alþýðubankans hf., Iðnaðarbankans hf., Útvegsbanka Íslands hf. og Verzlunarbanka Íslands hf. 1. janúar 1990 í Íslandsbanka hf. tók hinn síðastnefndi við „allri bankastarfsemi, réttindum og skyldum þessara banka henni tengdri frá og með 1. janúar 1990“, sbr. auglýsingu bankastjórnar Íslandsbanka hf. um starfsleyfi bankans 3. janúar 1990, er birtist í 8. tölublaði Lögbirtingablaðs 1990, svo og 1. mgr. 50. gr. laga um viðskiptabanka nr. 86/1985, sbr. lög nr. 120/1989. Í framangreindri auglýsingu stóð enn fremur: „að í sameiningu þessari felst að allir innlánsreikningar í bönkunum fjór- um hafa nú færst til Íslandsbanka hf. Þeim sem athugasemdir kynnu að vilja gera við yfirfærslu þessara reikninga, er hér með gefinn til þess frestur til 15. febrúar 1990. – Með heimild í ofangreindum laga- ákvæðum hafa veðtryggingar fyrir útlánum og ábyrgðum þeirra banka, sem sameinað hafa bankarekstur sinn, verið færðar yfir til hins sameinaða banka og tryggja frá sameiningardegi skuldir og skuldbindingar hlutaðeigandi aðila við Íslandsbanka hf.“.

Við þessa sameiningu bankanna tel ég, að handveðsréttur sá, sem stofnaðist til handa Verzlunarbanka Íslands hf. við útgáfu tryggingarbréfsins 23. maí 1986, hafi ekki fallið úr gildi 23. ágúst 1991 við uppgjör kaupleigusamningsins, heldur hafi hann færst yfir á aðrar skuldbindingar, sem útgefandi tryggingarbréfsins, Álafoss hf., kynni að hafa gengist undir gagnvart öðrum þeim bönkum, sem að sameiningunni stóðu. Eins og lýst er í héraðsdómi, gaf Álafoss hf. út veðskuldabréf 29. desember 1989 til Iðnaðarbanka Íslands hf., sem þinglýst var 23. janúar 1990. Af framangreindu leiðir, að stefnda var rétt að lýsa yfir skuldajöfnuði vegna þessarar skuldar Álafoss hf. við Iðnaðarbankann hf. á grundvelli 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að staðfesta beri niðurstöðu héraðsdóms um annað en málskostnað, sem ég tel hæfilega ákveðinn samtals 600.000 krónur til handa stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. maí 1993.

Mál þetta, sem tekið var til dóms miðvikudaginn 21. apríl sl., hefur þrotabú Álafoss hf., kt. 421287-1049, Akureyri, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Íslandsbanka hf., kt. 421289-5069, Húsi verslunarinnar, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 8.076.188,38 kr. auk dráttarvaxta skv. 9. og 10. gr. laga nr. 25/1987 og 4. og 5. gr. laga nr. 67/1989 frá 25. september 1992 til greiðsludags, og leggist dráttarvextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 25. september 1993, skv. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts, en stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppkvaðningu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Málavextir stefnanda.

Stefnandi ber, að Álafoss hf. hafi með tryggingarbréfi með handveði, dags. 23. maí 1986, sett Verslunarbanka Íslands hf. að veði innstæðu á kaskóreikningi nr. 403015, sem hafi numið 6.493.413 kr. 21. maí 1986.

Samkvæmt efni tryggingarbréfsins hafi því verið ætlað að tryggja skilvísa og skaðlausa greiðslu á kröfum PK-finans International (Luxembourg, SA) vegna kaupleigusamnings n.º. 2108600220, dags. 16. maí 1986, svo og öllum skuldum, sem Álafoss hf. væri í eða stæði síðar í við Verslunarbanka Íslands hf., hvort sem það væru víxilskuldir, víxilábyrgðir, yfirdráttur á hlaupareikningi eða hvers konar aðrar skuldir við bankann, þar með taldar ábyrgðir, sem bankinn tækist á hendur, samtals að jafnvirði 157.000 bandaríkjadala.

Stefnandi kveður Verslunarbanka Íslands hf. hafa hætt bankastarfsemi í árslok 1989, og hafi innstæður stefnanda þá verið fluttar í Íslandsbanka hf. (áður Útvegsbanki Íslands hf.), sem keyptur hafi verið af Verslunarbanka Íslands hf., Iðnaðarbanka Íslands hf. og Alþýðubankanum hf., sem haldið hafi áfram aðeins sem eignarhaldsfélög.

Stefnandi ber, að við þessa breytingu hafi innstæða á framangreindum reikningi færst til útibús Íslandsbanka hf. í Mosfellsbæ og orðið að reikningi 0549-14-190151.

Bú Álafoss hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaráðandans á Akureyri 15. júní 1991.

Stefnandi heldur því fram, að af hálfu Íslandsbanka hf. hafi verið látið svo, að innstæða á greindum reikningi nægði vart fyrir greiðslu ábyrgðarinnar, en bankinn hafi greitt upp ábyrgðina 23. ágúst 1992, og hafi innstæða á reikningi numið 8.076.188,38 kr. 27. september 1992.

Stefnandi ber, að sumarið 1992 hafi skiptastjórar orðið þess varir, að innstæða væri inni á reikningnum, að fjárhæð 8.005.804,01 kr. Þeir hafi ætlað að hefja þá fjárhæð, en verið neitað um útborgun. Skarphéðinn Þórisson hrl., annar skiptastjórinn, hafi ritað bankanum bréf, dags. 24. ágúst 1992, og krafist innstæðunnar, en þeirri kröfu hafi verið hafnað af Íslandsbanka hf., með bréfi, dags. 17. september 1992. Hafi þar verið lýst yfir skuldajöfnuði við kröfu Íslandsbanka hf. á hendur þrotabúinu og verið vísað í 100. gr. laga nr. 21/1991.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að allar kröfur, sem tryggingarbréfinu hafi verið ætlað að tryggja, hafi verið greiddar. Álafoss hf. hafi ekki verið í neinum viðskiptum við Verslunarbanka Íslands hf. fyrir utan þau viðskipti, sem hann hafi átt vegna ábyrgðaryfirlýsingarinnar, og bankinn hafi ekki lýst neinum kröfum í þrotabúið. Íslandsbanki hf. hafi ekki lýst kröfu í búið, heldur Iðnaðarbankinn, einn þeirra banka, sem standa að Íslandsbanka hf.

Stefnandi heldur því fram, að Íslandsbanki hf. geti ekki reist rétt sinn á tryggingarbréfinu frá 23. maí 1986, því að það hafi verið gefið út til tryggingar kröfum Verslunarbanka Íslands hf., sem sé önnur lögpersóna en Íslandsbanki hf.

Stefnandi mótmælir því, að 100. gr. laga nr. 21/1991 eigi við um það tilvik, er þrotabú á inni fé hjá innlánsstofnun og skuldi innlánsstofnun fé og ekki hafi verið gerður samningur um veðsetningu.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að væri slík skuldajafnaðarheimild viðurkennd, væri verið að veita bönkunum sterkari stöðu en öðrum kröfu höfum í þrotabú, en slíkt hafi ekki verið ætlun löggjafans þrátt fyrir víðtækt orðalag 100. gr. gjaldþrotalaga. Stefnandi telur innstæðu í innlánsstofnun ekki vera skuld innlánsstofnunarinnar við innstæðueigandann, heldur eign hans.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts á málskostnaðarfjárhæð.

Málavextir stefnda.

Stefndi telur nauðsynlegt að rekja tildrögin að stofnun Íslandsbanka hf., en 29. júní 1989 eignuðust Alþýðubanki, Iðnaðarbanki og Verslunarbanki Íslands u. þ. b. 76% hlutafjár í Útvegsbankanum hf. með því að kaupa hlut ríkissjóðs í bankanum. Á hluthafafundi í Útvegsbankanum 1. ágúst 1989 hafi verið ákveðið að auka hlutafé bankans um einn og hálfan milljarð króna. Alþýðubanki, Iðnaðarbanki og Verslunarbanki Íslands hafi átt forkaupsrétt að stærstum hluta hins nýja hlutafjár. Á hluthafafundi hafi verið samþykkt, að áskrift nýrra hluthafa yrði greidd með bankarekstri, eignum að frádregnum skuldum bankanna þriggja, jafnframt sem þeir hættu bankastarfsemi sinni, en legðu til hins sameinaða banka, sem ákveðið var, að heita skyldi Íslandsbanki hf. frá 1. janúar 1990. Alþingi samþykkti lög nr. 120/1989 til að greiða fyrir sameiningu hinna fjögurra banka. Í samræmi við þau hafi Íslandsbanki hf. tekið við þeim réttindum og skyldum, sem áður hafi verið á nafni bankanna fjögurra. Hin breytta aðild hafi átt sér stoð í samningi bankanna um samruna, sbr. ákvæði laga nr. 120/1989 og auglýsingar, sem birtar hafi verið í 8. tölublaði Lögbirtingablaðs 1990 skv. fyrirmælum laganna.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Stefndi reisir rétt sinn til innstæðu á framangreindum reikningi á handveðssamningi frá 15. júní 1986 (sic), sbr. dskj. nr. 2. Álafoss hf. hafi með undirritun sinni sett að veði innstæðu bankabókar til tryggingar ábyrgðarfirlýsingu Verslunarbanka Íslands vegna kaupleigusamnings og enn fremur til tryggingar á öllum skuldum sínum við bankann þá og síðar. Í texta tryggingarbréfsins hafi verið skýrt kveðið á um heimildir bankans þá og síðar. Eitt ákvæði tryggingarbréfsins veiti bankanum heimild til að taka veðið til eignar án virðingar, verði vanskil á skuldum Álafoss hf. Bankinn styðji rétt sinn við sameiningu hinna fjögurra banka, er hafi sameinast Íslandsbanka hf. 1. janúar 1990 og tekið við réttindum og skyldum eldri bankanna. Sameiningin hafi grundvallast á samningi bankanna, sem staðfestur hafi verið af viðskiptaráðherra 2. janúar 1990 með stoð í lögum nr. 120/1989. Sérstaklega er bent á 1. og 3. mgr. 50. gr. laga nr. 86/1985, sbr. lög nr. 120/1989. Auglýsingin um starfsleyfi Íslandsbanka hf. hafi verið birt í 8. tbl. Lögbirtingablaðsins 1990. Þar hafi komið skýrt fram, að veðtryggingar fyrir útlán-um og ábyrgðum þeirra banka, sem sameinað höfðu bankarekstur sinn, höfðu verið færðar yfir til hins sameinaða banka og tryggðu frá sameiningardegi skuldir og skuldbindingar hlutaðeigandi aðila við Íslandsbanka hf. Þá hafi verið skorað á þá, sem vildu gera athugasemdir við þessar yfirfærslur, að gera það fyrir 15. febrúar 1990.

Þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, mótmælir stefndi því, sem fram kemur í stefnu, að allar kröfur, sem tryggingarbréfinu sé ætlað að tryggja, séu greiddar. Kröfur, sem fyrir mistök hafi verið lýst í búið í nafni Iðnaðarbankans, séu augljóslega kröfur Íslandsbanka hf., þar sem kröfur allra bankanna þriggja hafi runnið inn í Útvegsbanka Íslands hf., síðar Íslandsbanka hf. Af þessu tilefni bendir stefndi á yfirlýsingu frá Eignarhaldsfélagi Iðnaðarbankans. Þá bendir stefndi á afsal, undirritað af báðum skiptastjórum þrotabús Álafoss hf., þar sem þeir afsali Íslandsbanka hf. hitavatnsréttindum sem ófullnægðum veðhafa. Í afsalinu felst skýr viðurkenning þess, að Íslandsbanki hf. sé eigandi þeirra krafna, sem á sínum tíma hafi verið lýst í nafni Iðnaðarbankans. Stefnandi geti því ekki haldið því fram, að þar sem um aðrar lögpersónur hafi verið að ræða í upphafi við stofnun skuldbindinganna, leiði það til þess, að stefndi geti ekki byggt rétt á þeim kröfum, sem honum hafi verið framseldar. Stefnandi bendir á, að sameiningin hafi getað orðið viðskiptavinum eldri bankanna í hag í viðskiptum við Íslandsbanka hf., ef tryggingar þeirra í einum af eldri bönkum voru umfram þær skuldbindingar, sem stofnað hafi verið til í hinum bönkunum.

Stefndi skírskotar til skuldajafnaðarheimildar samkvæmt 100. gr. laga nr. 21/1991, fallist dómurinn ekki á, að hann geti reist rétt sinn á veðsamningi. Stefnandi mótmælir rökum stefnanda. Fráleitt sé að halda því fram, að innstæða á bókarlausum reikningi sé eign reikningseiganda að því marki, að henni sé á einhvern hátt haldið sérgreindri í bankanum. Rétturinn til innstæðunnar sé krafa, sem reikningseigandi eigi á hendur bankanum, er byggist á samningi þeirra í milli um stofnun reiknings og stofnskráteininu. Hér sé um að ræða kröfur á báða vegu, sem falli undir 100. gr. laga nr. 20/1991, þar sem gagnkröfur stefnda komi fram í kröfulýsingu, sbr. dskj. nr. 6.

Þá mótmælir stefndi upphafstíma vaxta, sem fram komi í stefnu.

Um sýknukröfu vísar stefndi til almennra reglna veðréttar, sbr. lög nr. 18/1887 um veð, almennra reglna kröfu- og gjaldþrotaréttar um skuldajöfnuð, sbr. lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., og til laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka ásamt síðari breytingum. Kröfu um málskostnað styður stefndi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði, sérstaklega 130. gr. Kröfu um virðisaukaskatt af málskostnaði byggir stefndi á 10. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Forsendur og niðurstöður.

Hér að framan hefur ýtarlega verið rakinn aðdragandi að stofnun Íslandsbanka hf. Deilt er um það, hvort Íslandsbanki hafi eignast sama rétt og Verslunarbanki Íslands hf. hafði við sameiningu bankanna 1. janúar 1990.

Sameiningin var rækilega kynnt, m. a. með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Þeim viðskiptamönnum, sem vildu ekki skipta við hina nýju bankastofnun, var gefið tækifæri til þess að tilkynna það til 15. febrúar 1990. Forráðamenn Álafoss hf. virðast ekki hafa sent slíka tilkynningu.

Talið er, að Íslandsbanki hf. hafi í öllu eignast sömu réttindi og enn fremur borið sömu skyldur gagnvart Álafossi hf. og Verslunarbanki Íslands hf. hafði fyrir sameininguna.

Í málinu liggur frammi tryggingarbréf, dags. 23. maí 1986, með handveði, þar sem Álafoss hf. gerir kunnugt, að innstæða á kaskórcikningi nr. 403015, að jafnvirði 157.000 USA-dala, ásamt vöxtum og kostnaði, sem á kunni að falla, sé sett Verslunarbanka Íslands að handveði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á kröfum PK-finans International samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu við bankann, dags. 21. maí 1986, vegna kaupleigusamnings, dags. 16. maí 1986. Í tryggingarbréfinu er tekið fram, að veðsetningin taki til hvers konar arðs af hinu veðsetta og jafnframt, að bankanum sé heimilt, en ekki skylt, að innheimta hann svo og veðið sjálft til greiðslu á ofangreindum skuldum, enda þótt þær séu ekki gjaldfallnar.

Þá kemur fram í bréfinu, að verði vanskil á skuldum Álafoss hf. við bankann, sé bankanum heimilt að selja veðið eða taka það til eignar án virðingar.

Enn fremur er þess getið, að á meðan bankinn hafi handveðið, sé Álafoss hf. skylt að greiða það, sem greiða ber, til þess að rétturinn, sem fylgir hinu veðsetta, glatist ekki né rýrni, svo sem váttryggingariðgjöld, lífsábyrgðariðgjöld eða annað, eftir því sem við á, og láta bankanum í té skilríki fyrir því, að svo sé gjört.

Iðnaðarbankinn lýsti kröfu í þrotabú Álafoss hf. 2. september 1991 vegna veðskuldabréfs, út gefins 29. desember 1989 af Álafossi hf. til Iðnaðarbankans, upphaflega að jafnvirði 700.000 USA-dala, tryggðs með 3. veðrétti í lager- og skrifstofuhúsnæði, svokölluðu ÚP-húsi, Mosfellsbæ, en Iðnaðarbankanum höfðu enn fremur verið veðsett að óskiptu með 1. veðrétti kröfuréttindi Álafoss hf. á hendur Hitaveitu Reykjavíkur um endurgjaldslausu afhendingu á 132 mínútulítrum af 85 gráðu heitu vatni. Samkvæmt gengi 1. júní 1990 á USA-dóllar, 60,65 kr., nam krafan 42.455.000 kr. auk vaxta, að fjárhæð 2.179.356 kr., dráttarvaxta, 10.555.862 kr., innheimtulauna o. fl., samtals 56.718.406 kr.

Hinn 27. febrúar 1992 afsalar þrotabú Álafoss hf. Íslandsbanka hf. réttindum þrotabúsins til endurgjaldslausra afnota af orku frá Hitaveitu Reykjavíkur, sem nemi 132 mínútulítrum af 85 gráðu heitu vatni, afhentu í Mosfellsbæ. Vísað er til yfirlýsingar Hitaveitu Reykjavíkur, sem þinglýst

var með ofangreindu veðskuldabréfi, að fjárhæð 700.000 USA-döllum, út gefnu af Álafossi hf. til Iðnaðarbanka Íslands hf., dags. 29. desember 1989. Protabúið afsalar sér Íslandsbanka hf. þessum réttindum sem ófullnægðum veðhafa samkvæmt nefndu veðskuldabréfi, og er yfirtökuverð talið nema 20.000.000 króna. Líta verður á afsal stefnanda til stefnda á hitavatnsréttindum vegna kröfu, sem lýst hafði verið í þrotabú stefnanda af Iðnaðarbankanum vegna skulda stefnanda við bankann, sem viðurkenningu þess, að Íslandsbanki hf. hafi tekið við réttindum og skyldum Iðnaðarbankans.

Í málinu liggur frammi yfirlýsing, dags. 18. nóvember 1992, frá eignarhaldsfélagi Iðnaðarbankans, þar sem fram kemur, að kröfur að fjárhæð 56.718.406, sem lýst hafi verið í þrotabú Álafoss hf. af hálfu eignarhaldsfélagsins, hafi réttilega mátt telja til krafna Íslandsbanka hf. allt frá 31. desember 1989, sbr. auglýsingu í 8. tbl. Lögbirtingablaðsins 1990 og 1. gr. laga nr. 120/1989 um breytingar á lögum nr. 86/1985 um viðskiptabanka.

Hinn 23. ágúst 1992 greiddi Íslandsbanki hf. af kaskóreikningi Álafoss hf. ábyrgð, sem reikningurinn var m. a. stofnaður til að uppfylla vegna kaupleigusamnings milli stefnanda og PK-finans International, að fjárhæð 4.905.073 kr., og voru eftirstöðvar á reikningi 8.005.804. kr.

Í þessu máli þarf því að athuga, hvort til handveðs hafi stofnast með formlegum hætti, þ. e. með samningi milli aðila, og hvort ráðstafanir hafi verið gerðar, sem miði að því að girða fyrir, að veðþoli hafi getað ráðið yfi hinni veðsettu eign. Talið er, svo sem hér að framan er rakið, að þessi skilyrði fyrir stofnun handveðssamnings milli aðila séu uppfyllt, þannig, að Íslandsbanki hf., áður Verslunarbanks Íslands hf., hafi sýnt fram á skýrar og ótvíræðar sannanir fyrir veðréttindum, sbr. áðurnefnt tryggingarbréf, með handveði, dags. 23. maí 1986, undirritað af Álafossi hf.

Réttarsamband, sem tekst milli aðila við handveðssetningu, er með þeim hætti, að handveðshafi á rétt á að hafa veðið í vörslum sínum, á meðan veðrétturinn er í gildi. Þá er honum heimilt að ganga að veðinu, þegar veðskuldin er komin í eindaga. Telja verður, að Íslandsbanka hf. hafi verið heimilt að ganga að veðinu, þ. e. innstæðunni á áðurnefndum kaskóreikningi, vegna skulda Álafoss hf. við Iðnaðarbankann hf., enda höfðu samningar aðila við stofnun handveðsins hljóðað þannig og ekkert komið fram siðar, sem bent gæti til þess, að það hefði breyst þrátt fyrir sameiningu bankanna, svo sem lýst er hér að framan. Það athugast, að til skuldar Álafoss hf. við Iðnaðarbankann stofnaðist 29. desember 1989, aðeins þremur dögum fyrir sameiningu bankanna.

Þegar lítið er til þess, sem hér að framan er rakið, þykir vera sannað, að gildur handveðssamningur hafi stofnast milli Álafoss hf. og Verslunarbanka

Íslands hf. Þá er talið sannað, að samningurinn hafi haldist í gildi við yfirtöku Íslandsbanka hf. á réttindum og skyldum Verslunarbankans hf. Telja verður, að Íslandsbanki hf. hafi ekki einungis tekið við skyldum frá Verslunarbankanum, heldur hafi hann einnig hlotið þau réttindi, sem viðskiptamenn hans veittu bankanum, og því hafi Íslandsbanka hf. verið heimilt að nota handveðið ekki einungis til greiðslu á þeirri ábyrgð, sem það var sett fyrir, heldur og til greiðslu þeirra skulda, sem Álafoss hf. var í við Iðnaðarbankann, einn þeirra banka, sem féllu undir Íslandsbanka hf. við sameiningu bankanna 1. janúar 1990. Enda eru ákvæði í tryggingarbréfinu, sem sýna, að veðið standi ekki einungis fyrir ábyrgð á skuld fyrirtækisins við PK-finans International, heldur ýmsum öðrum skuldum, þ. á m. skuldum Álafoss hf. við Verslunarbankann hf., bæði þá og síðar. Stefnandi viðurkennir þetta enn fremur, svo sem rakið er hér að framan, er hann afsalar sér hitavatnsréttindum til Íslandsbanka hf. vegna skuldar þrotabúsins við Iðnaðarbankann.

Stefndi, Íslandsbanki hf., er því sýknaður af öllum kröfum stefnanda, þrotabús Álafoss hf.

Stefnandi, þrotabú Álafoss hf., greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 900.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Dóminn kveður upp Halla Bachmann Ólafsdóttir, settur héraðsdómari.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Íslandsbanki hf., er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, þrotabús Álafoss hf.

Stefnandi, þrotabú Álafoss hf., greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 900.000 kr. í málskostnað að teknu tilliti til virðisaukaskatts.